

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 90/98
frá 25. september 1998

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður
með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á
eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar
nr. 101/97 frá 15. desember 1998⁽¹⁾.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2523/97 frá 16. desember 1997 um
breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1014/90 um ítarlegar framkvæmdarreglur varðandi
skilgreiningu, lýsingu og kynningu á brenndum drykkjum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr.
1014/90) í XXVII. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **397 R 2523:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2523/97 frá 16.
desember 1997 (Stjtið. EB L 346, 17.12.1997, bls. 46).”

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 193, 9.7.1998, bls. 61 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 9. 7. 1998, bls. 117.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 346, 17.12.1997, bls. 46.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2523/97 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner